

**Mýrdalshreppur**  
**Austurvegi 17**  
**870 Vík**

**Athugasemd vegna tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 og tillögu í henni um breytta legu þjóðveggar 1 um Mýrdal**

Tillaga sú að veglínu þjóðveggar 1, sem nefnd aðalskipulagstillaga gerir ráð fyrir, liggur þvert í gegnum slægju- og beitarlönd á jörðinni Hryggir, sem er þinglýst eign undirritaðs.

Jörðin Hryggir er aðeins um 100 hektarar að landstærð. Árið 1976 var legu þjóðveggar 1 breytt á þessum slóðum og nýr vegarkafli var lagður skáhalt yfir slægjur og beitalönd jarðarinnar. Auk þess liggur annar vegur um jörðina sem liggur niður að Hvolabæjum.

Nýr vegarkafli þjóðveggar 1 um jörðina mundi raska búsetu það mikið að landbúnaður mundi leggjast af á jörðinni. Að öllum líkindum yrði núverandi vegstæði þjóðveggar 1 áfram notað sem tengivegur við byggðina frá Litla-Hvammi og yfir Mosaháls og austur með hæðunum til Víkur.

Jörðin Hryggir er nú þegar margklofin af vegum og má ekki við meiru af þeim toga. Áform um að skipuleggja annan stofnveg – breytingu á legu þjóðveggar 1 um jörðina í annað skipti á innan við 40 árum – eru algerlega óásættanleg fyrir undirritaðan landeiganda.

Lagfæringar á núverandi vegstæði þjóðveggar 1 er langsamlega besti kosturinn og hefði minnst rask í för með sér. Ný veglína eins og hún er kynnt mundi raska búsetu og náttúruumhverfi Mýrdalsins verulega.

Sú staðreynd að ekkert samráð skyldi haft við mig um hugsanlegar breytingar á legu veglínu um þinglýsta eign mína eru forkastanleg vinnubrögð af hálfu þeirra manna sem ráða för í sveitarstjórn og skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps.

Hryggjum í Mýrdalshreppi,

20. nóvember 2011

---

Ásmundur Bjarni Sæmundsson  
Kt. 250559-4889  
Hryggjum  
871 Vík